

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

353. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 07.09.2015, kl.07:30.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri. Yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar er fjarverandi. Gestir fundarins undir lið 2 er Sævar Kristinsson og undir lið 7 eru Ólafur Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Sunna Jóhannsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Drög að rekstraráætlun 2016 - 2020

Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar fyrir 2016 – 2020 og leggur fram drög að rekstraráætlun fyrir þessi ár. Málið rætt og frestað til næsta fundar.

2. Stefnumótun stjórnar

Sævar Kristinsson fer yfir stefnumótunarskjal stjórnar. Málið rætt. Stjórn samþykkir stefnumótunina og felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að kynna stefnumótunina innan aðildarsveitarfélaganna.

3. Framlenging á samningi við Efnamóttökuna um móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 2. september 2015, vegna málefnisins. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við Efnamóttökuna um framlenginu samnings til 31.12. 2016.

4. Þátttökutilkynningar/forval vegna gas- og jarðgerðarstöðvar.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að fimmtudaginn 27. ágúst kl. 10:00 hefði runnið út frestur til að senda inn þátttökutilkynningar í forvali SORPU um samkeppnisviðræður vegna gas- og jarðgerðarstöðvar. Alls bárust tilkynningar frá þremur aðilum fyrir tilsettan tíma:

Haase Environmental Consulting GmbH
BTA/BIOTEC
Solum/Aikan

Ein þátttökutilkynning barst eftir að tilskilinn frestur var úti og var sú tilkynning endursend.

5. Mál Efnamóttökunnar vegna kröfu Íslenska gámafélagsins um afhendingu tiltekinna gagna úr útboði á móttöku spilliefna.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli Gámapjónustunnar og Ölfus gegn Íslenska gámafélaginu vegna kröfu um afhendingu gagna úr útboði ákvað Efnamóttakan að láta málið niður falla. Gögn þau sem krafist var aðgangs að hafa því þegar verið afhent ÍG.

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

6. Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar

Fulltrúi Reykjavíkurborgar kynnir „Upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar 2015-2020“ sem frestað var á síðasta fundi.

7. Hlutverk endurskoðunarnefndar

Á fundinn mæta fulltrúar í endurskoðunarnefnd stjórnar SORPU og ræða hlutverk nefndarinnar. Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar frá 19. ágúst 2015.

8. Samþykkt borgarráðs frá 20. ágúst 2015.

Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dagsett 20. ágúst 2015 varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að við stjórnarskipti verði nýjar stjórnir upplýstar um ólokin verkefni. Erindinu vísað til næstu endurskoðunar á starfsreglum stjórnar SORPU.

9. Næsti fundur

Næsti fundur í stjórn verður haldinn 24. september klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9:50.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Bjarni Trausti
Halldór Ásbjörn Svansson
Jóna Sveinbjörnsdóttir
Röskvildi A
Egert -
Höfðinir Jónsson
Páll A. Guðmúndsson
SORPA